

# Verkefnasjóður ÍBR

## Starfsreglur

### 1. gr. Hlutverk

Verkefnasjóður ÍBR er sjóður til styrktar útbreiðslu og átaksverkefnum í íþróttastarfi í Reykjavík. Úthlutun skal sérstaklega taka mið af stefnu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga, stefnu ÍBR og ÍTR og jöfnum möguleika allra til íþróttaiðkunar.

### 2. gr. Fjármagn

Fjárhæð til úthlutunar ár hvert kemur úr Framkvæmdasjóði ÍBR samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar ÍBR. Sjóðstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

### 3. gr. Skipan og hlutverk stjórnar

Í stjórn sjóðsins sitja 3 einstaklingar sem stjórn ÍBR skipar. Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhlíða ársþingum ÍBR eða tvö ár.

Hlutverk sjóðsstjórnar er að gera tillögu að úthlutun fjár úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

### 4. gr. Markmið

Markmið sjóðsins er m.a. að styrkja eftirfarandi:

- Útbreiðslu íþróttar í Reykjavík.
- Átaksverkefni til eflingar íþróttastarfs.
- Þátttöku þjálfara í námskeiðum eða námskeiðahaldi aðildarfélaga.
- Verkefni sem miða sérstaklega að því að gefa breiðari hópi barna og unglinga tækifæri til að taka þátt í íþróttastarfi.

### 5. gr. Skilyrði

Umsækjendur skulu vera aðilar að ÍBR, sérráð, félag eða einstakar deildir félaga. Sjóðsstjórn er heimilt að leggja til úthlutun styrkja til aðila utan vébanda ÍBR, enda muni viðkomandi verkefni verða íþróttalífi og félögum í Reykjavík til hagsbóta.

### 6. gr. Umsóknir

Alla jafna er úthlutað úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári og er skilafrestur umsókna 15. mars og 15. september.

Umsóknir skulu berast stjórn sjóðsins á þar til gerðum eyðublöðum.

Sjóðsstjórn er heimilt að hafa frumkvæði að einstökum styrkveitingum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagnar annarra aðila.

Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin leggja til hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur

Sjóðsstjórn ber ekki að rökstyðja tillögur sínar.

Tillögur sjóðsstjórnar skulu lagðar fyrir stjórn ÍBR til samþykktar.

Sjóðsstjórn skal gæta fyllsta trúnaðar gagnvart upplýsingum um einkahagi umsækjenda.

### **7.gr. Uppgjör**

Styrkurinn verður greiddur til styrkhafa í áföngum og/eða eftir að verkefni lýkur, allt eftir stærð verkefnis. Styrkur verður greiddur að fullu eftir að borist hefur fjárhagslegt uppgjör og stutt greinagerð um það.

Hafi styrkþegi ekki skilað lokauppgjöri og skýrslu í lok febrúar á næsta ári eftir að tímaramma verkefnis lýkur, fyrnist sá styrkur sem mögulega er ógreiddur.

### **8. gr. Kynningarmál**

Auglýst verður eftir umsóknum til allra aðildarfélaga ÍBR tvisvar sinnum á ári. Auk þess skulu upplýsingar um sjóðinn alla jafna vera á heimsíðum ÍBR.

### **9. gr. Gildistími**

Reglugerð þessi tekur gildi þegar stjórn ÍBR hefur staðfest hana og gildir þar til stjórn ÍBR ákveður annað.

Samþykkt á fundi stjórnar ÍBR þann 4. mars 2015.